

Sþ.

264. Nefndarálit

[118. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda viðbótarsamning við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Sambandslýðveldisins Þýskalands.

Frá 2. minni hl. utanríkismálanefndar.

Utanríkismálanefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Ég er andvígur tillögunni og tel, að Alþingi eigi engan þátt að eiga í þeirri orlagaríku ákvörðun, sem tekin er með þeim samningi, sem hún fjallar beint um, og þeim samningum öðrum um endurvígúnað Þýskalands, sem vitað er að honum fylgja.

Endurvígúnaður Vestur-Þýskalands með þátttöku og jafnvel undir forustu endurvakinna nazistaafila og inntaka þess í Atlantshafsbandalagið gengur í berhögg við stofnskrá og tilgang Sameinuðu þjóðanna, öll þau fyrirheit, sem gefin voru, og samninga, sem gerðir voru í stríðslok milli þjóða, sem þá hafði tekizt með óskaplegum fórnnum í sex ára heimsstyrjöld að sigrast á grimmdaræði nazismans og forða mannkyninu frá yfirráðum hans.

Það er ómótmælanleg staðreynd, að meiri hluti þýzku þjóðarinnar er andvígur hervæðingu Vestur-Þýskalands. Þetta hefur m. a. komið greinilega í ljós í þremur kosningum, sem nýlega hafa verið háðar í Vestur-Þýskalandi.

Verkalýðssambandið í Vestur-Þýskalandi (D. G. B.), sem hefur 6 milljónir manna innan sinna vébanda, hefur harðlega mótmælt endurvígúnaði landsins og flett ofan af nazistaöflunum, sem búast nú til að sölsa undir sig völdin í skjóli nýs hers. Jafnaðarmannaflokkurinn í Vestur-Þýskalandi berst af alefli gegn fullgildingu samninganna um vígúnaðinn, þ. á m. samningsins um inntöku Vestur-Þýskalands í Atlantshafsbandalagið, sem þessi tillaga fjallar um. Þeim flokki og raunar öllum frjálsþuga mönnum í Vestur-Evrópu er fullljóst, að fullgilding og framkvæmd samninganna um vígúnað Vestur-Þýskalands útilokar sameiningu Þýskalands á lýðræðislegum grundvelli og hlýtur að leiða til enn aukins kapphlaups um vígúnað og harðnandi átaka í hinu kalda stríði.

Það er upplýst, að aðeins eitt eða tvö þeirra 15 ríkja, sem mun ætlað að taka afstöðu til þeirra samninga, sem hér ræðir um, hafa enn fullgilt þá. Enn er með öllu óvíst, hvað ofan á verður með þeim þjóðum, sem þeir snerta mest, og munu flestar aðrar þjóðir innan Atlantshafsbandalagsins láta fullgildingu þeirra biða, þangað til það er séð.

Á Alþingi 1952 var með þingsályktunartillögu leitað eftir fullgildingu á viðbótarsamningi við Atlantshafssamninginn í sambandi við samninga um „Evrópuherinn“ svonefnda, sem þá var á döfnni. Þeir samningar voru með öllu úr sögunni nú í sumar, og höfðu þá aðeins 4 aðildarríki orðið til þess að fullgilda þá. Alþingi bjargaði þá heiðri sínum með því að láta fullgildingu þeirra samninga biða, unz séð yrði, hvað stórþjóðirnar gerðu, sem mest áttu í húfi um fullgildingu þeirra og framkvæmd.

Nú munu flest aðildarríki Atlantshafsbandalagsins láta fullgildingu þessa samnings biða fram yfir jól, og tel ég, hvað sem öðru líður, sjálfsgagt, að það verði einnig gert hér. En vilji Alþingi hins vegar eins og meiri hluti utanríkismálanefndar sýna, að Íslendingar hafi meiri áhuga á hervæðingu Vestur-Þýsklands en flestar aðrar þjóðir Atlantshafsbandalagsins, með því að synja um slíka frestun málsins fram yfir jólahátíðina, legg ég hiklaust til, að tillagan verði felld.

Alþingi, 10. des. 1954.

Finnbogi R. Valdimarsson.